



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Ísborg ehf.
b.t. Sigurðar Pálma Sigurbjörnssonar
Hverfisgötu 18a
101 Reykjavík

Krummafótur ehf.
b.t. Sveins Arnars Davíðssonar
Þvervegi 2
340 Stykkishólmi

ATH. aðeins sent með tölvupósti

Reykjavík, 9. desember 2019

Tilv.: 1810002

Efni: Mat á hæfi Krummafóts ehf. vegna yfirtöku rekstrar í Stykkishólmi.

Með sátt, dags. 11. september 2018, við Haga hf. samþykkti Samkeppniseftirlitið samruna félagsins og Olíuverzlunar Íslands hf. (Olís), sbr. nánar ákvörðun nr. 9/2019, *Samruni Haga hf., Olíuverzlunar Íslands hf. og DGV ehf.* Með sáttinni voru samrunanum sett skilyrði, m.a. um sölu á dagvöruhluða verslunar Olís í Stykkishólmi, sbr. 10. gr. sáttarinnar.

Hagar lögðu til skilyrðin til þess að bregðast við mati Samkeppniseftirlitsins á skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni. Hvað varðar dagvörumarkaðinn var það mat eftirlitsins að Hagar væru í markaðsráðandi stöðu og að með samrunanum myndi félagið styrkja þá stöðu, s.s. með aðgengi að verslunum og lóðum Olís. Var það jafnframt mat Samkeppniseftirlitsins samruninn kæmi til með að skerða staðbundna samkeppni í sölu á dagvörum í Stykkishólmi, enda voru samrunaaðilar þeir einu sem seldu dagvörur í bæjarfélaginu. Til þess að bregðast við þessum áhyggjum og tryggja markmið sáttarinnar að þessu leyti buðust Hagar til þess að selja dagvöruhluða verslunar Olís að Aðalgötu 25 Stykkishólmi til kaupanda sem uppfyllti kröfur sáttarinnar, s.s. um sjálfstæði gagnvart Högum, þekkingu, fjárhagslega burði og áætlanir um rekstur.

I.

Í kjölfar álits kunnáttumanns og athugunar Samkeppniseftirlitsins samþykkti Samkeppniseftirlitið þann 29. nóvember 2018 Ísborg ehf. sem kaupanda að viðkomandi eignum Haga á dagvörumarkaði. Þann sama dag gerði Samkeppniseftirlitið sátt við Ísborg sem tryggja átti m.a. að sambærileg starfsemi yrði í hinum seldu eignum í tiltekinn lágmarkstíma. Rekstur Ísborgar á versluninni að Aðalgötu 25 hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi og var versluninni lokað í september sl. Því var óhjákvæmilegt að leita leiða til þess að ná fram markmiðum sáttar Samkeppniseftirlitsins við Ísborg og jafnframt fyrrgreindum markmiðum sáttar eftirlitsins við Haga. Í þessu sambandi má nefna að báðar sáttirnar kveða á um tiltekið eftirlit óháðs kunnáttumanns og upplýsingagjöf af hálfu Ísborgar og Haga til hans.



Með leigusamningi, dags. 13. september 2019, leigði félagið Ísborg fasteignir ehf. félaginu Krummafót ehf. Aðalgötu 25 en félagið hyggst hefja rekstur á veitingastað og verslun í fasteigninni. Þann 7. nóvember 2019 barst Samkeppniseftirlitinu álit óháðs kunnáttumanns vegna samningsins. Í álitinu er komist að þeirri niðurstöðu að líkur séu á að Krummafótur uppfylli skilyrði framangreindra sáttá og sé líklegri en Ísborg til að veita það samkeppnislega aðhald sem sáttirnar gera ráð fyrir. Álitnið byggist m.a. á mati sérfræðings sem kunnáttumaður fékk til að meta rekstrarhæfi Krummafótar. Var það mat hans að Krummafótur hefði það til brunns að bera sem þyrfti til þess að geta rekið verslunina og salan væri til þess fallin að auka líkurnar á því að markmiðum sáttanna yrði náð.

II.

Vegna lokunar verslunar Olís í húsnæðinu og rekstrarerfiðleika Ísborgar hafa Samkeppniseftirlitinu borist ábendingar frá íbúum í Stykkishólmi og nágrenni. Í þessum ábendingum hefur m.a. verið bent á mikilvægi þess að opnunartími og vöruúrval verslunarinnar henti þörfum bæjarbúa. Hefur sem dæmi verið bent á verslunin sé eini staðurinn í bænum þar sem ýmsar bílavörur hafi verið seldar og jafnframt að verslunin hafi verið eini staðurinn í nágrenninu þar sem gaskútar voru afgreiddir. Við mat á hæfi Krummafóts sem rekstraraðila hefur Samkeppniseftirlitið haft hliðsjón af þessum athugasemdum.

Með tölvubréfi, dags. 22. nóvember 2019, barst staðfesting nýrra rekstraraðila á því að þeir hyggist hafa sambærilegt vöruúrval í versluninni og áður hefur verið. Uppistaðan í vöruúrvalinu verði veitingar, dagvörur á þægindamarkaði, olíu- og bílavörur, vörur tengdar ferðamönnum, ásamt öðru.

Til þess að tryggja að markmið sáttá Samkeppniseftirlitsins við Haga og Ísborg og í ljósi ábendinga viðskiptavina vill eftirlitið beina þeim tilmælum til Krummafótar að fyrirtækið hugi að því að opnunartími og vöruframboð verslunarinnar verði í samræmi við þarfir viðskiptavina.

III.

Samkeppniseftirlitið hefur yfirfarið álit óháðs kunnáttumanns, fylgigögn með því og aðrar upplýsingar. Í ljósi alls framangreinds er það niðurstaða eftirlitsins að Krummafótur uppfylli bæði skilyrði sáttar Ísborgar frá 29. nóvember 2018 og sáttar Haga frá 11. september 2018 sem nýr rekstraraðili verslunarinnar að Aðalgötu 25 Stykkishólmi.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

Magnús Þór Kristjánsson

Afrit: Einar Gautur Steingrímsson óháður kunnáttumaður og Hagar hf.